

Listi yfir gögn sem þú þarft að leggja fram hjá Útlendingastofnun vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt fyrir barn íslensks ríkisborgara

Nafn: _____

Kennitala: _____

Svona gerir þú

- Prentar út þennan gátlista og viðeigandi umsóknareyðublað.
- Athugar hvort þú/barnið uppfylli grunnskilyrði vegna umsóknar í gátlista og hakar í viðeigandi box fyrir skilyrðin sem þú/barnið uppfyllir.
- Safnar saman gögnum, hakar í viðeigandi box í gátlista fyrir fylgigögn umsóknarinnar og raðar gögnum í sömu röð og á gátlista.
- Skoðar athugasemdir í gátlista og veltir því fyrir þér hvort þú sért að gera einhver af algengustu mistökum vegna fylgigagna.
- Greiðir fyrir umsóknina.
- Leggur fram þennan gátlista, umsóknina og fylgigögnin hjá Útlendingastofnun og greiðir fyrir umsóknina í afgreiðslu stofnunarinnar, eða sendir í bréfpósti á neðangreint heimilisfang og greiðir fyrir umsóknina í banka.

Það er á þína ábyrgð að leggja fram öll gögn sem eru á listanum. Ef öll gögn eru ekki lögð fram hjá Útlendingastofnun með umsókninni tefst afgreiðslan eða umsókninni verður synjað.

Þú þarft að leggja fram **staðfest afrit af frumritum** allra vottorða sem eiga við um þína umsókn (athugaðu að ávallt er lagt fram staðfest frumrit sakavottorðs).

Þú þarft að láta fylgja með staðfest afrit eða frumrit **þýðingar löggilts skjalapýðanda** á erlendum vottorðum sem eru á öðrum tungumálum en ensku eða Norðurlandamáli. Það er heimilt að leggja fram þýðingu yfir á íslensku, ensku, dönsku, norsku og sænsku. Það er á þína ábyrgð að fá þýðingu og borga fyrir hana.

Þú þarft að greiða **25.000 kr.** fyrir umsóknina, annað hvort hjá Útlendingastofnun ef þú leggur umsóknina fram hjá stofnuninni eða í banka ef þú póstleggur umsóknina (tilvísun er fyrstu 7 stafir í kennitölu umsækjanda). Umsóknin verður ekki tekin til afgreiðslu fyrr en búið er að greiða fyrir hana.

Bankaupplýsingar Útlendingastofnunar:

Reikningsnúmer: 0515-26-410424.

Kennitala: 670269-6399.

Bankaupplýsingar - IBAN: IS05 0515 26 410424 6702 6963 99.

Nafn banka: Íslandsbanki hf. Kópavogi.

SWIFT CODE: GLTISRE

Heimilisfang Útlendingastofnunar:

Útlendingastofnun

Dalvegi 18

201 Kópavogi

**Skilyrði sem barn íslensks ríkisborgara þarf að uppfylla
Þú þarft að haka við þau skilyrði sem þú uppfyllir**

Búsetuleyfi eða undanþegin(n) skyldu til að hafa dvalarleyfi.

og

Lögheimili á Íslandi í 2 samfelld ár (gildir aðeins fyrir barn íslensks ríkisborgara sem hefur verið slíkur í a.m.k. 5 ár).

**Gögn sem allir umsækjendur þurfa að leggja fram (18 ára og eldri)
Þú þarft að haka við þau gögn sem þú leggur fram með umsókninni**

1. Umsókn um íslenskan ríkisborgararétt fyrir barn íslensks ríkisborgara

-Fylltir þú út alla reiti í umsókninni og svaraðir öllum spurningum?

-Ekki gleyma að svara spurningunni um hvort þú hafir verið erlendis lengur en í 3 mánuði samfellt eftir að þú skráðir lögheimili fyrst á Íslandi.

-Gleymdir þú að skrifa undir umsóknina? Athugaðu að það er verið að biðja þig um undirskrift (e. signature).

2. Greiðsla umsóknar

-Ef umsókn verður lögð fram hjá Útlendingastofnun skal greiða fyrir hana í afgreiðslu stofnunarinnar.

-Ef umsókn verður póstlögð, verður þú að greiða fyrir umsókn í banka og leggja fram greiðslukvittun með umsókn. Mundu að setja í tilvísun greiðslukvittunar fyrstu 7 stafi í kennitölu þinni.

3. Búsetutímavottorð frá Þjóðskrá Íslands

-Ert þú örugglega með rétt vottorð? Athugaðu að ekki er verið að óska eftir búsetuvottorði eða fjölskylduvottorði.

4. Afrit vegabréfs

-Gættu að því að leggja fram afrit af öllum stimpluðum síðum vegabréfsins.

-Rithandarsýnishorn vegabréfs þarf að fylgja með.

5. Afrit vegabréfs foreldris með íslenskan ríkisborgararétt

6a. Staðfest afrit af frumriti fæðingarvottorðs

-Gættu að því að frumrit vottorðsins þarf að vera staðfest ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting).

-Þú átt ekki að leggja fram frumritið, heldur leggur þú fram staðfest afrit af frumritinu eftir að það hefur verið vottað. Staðfest afrit er afrit sem hefur verið stimplað af opinberu yfirvaldi í því ríki sem vottorðið var gefið út.

6b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalapýðanda á fæðingarvottorði (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

-Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalapýðanda.

-Löggiltur skjalapýðandi þarf ekki að vera staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.

7a. Staðfest afrit af fæðingarvottorði foreldris með íslenskan ríkisborgararétt

-Gættu að því að frumrit vottorðsins þarf að vera staðfest ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting).

-Þú átt ekki að leggja fram frumritið, heldur leggur þú fram staðfest afrit af frumritinu eftir að það hefur verið vottað. Staðfest afrit er afrit sem hefur verið stimplað af opinberu yfirvaldi í því ríki sem vottorðið var gefið út.

7b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalapýðanda á fæðingarvottorði foreldris með íslenskan ríkisborgararétt (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

-Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalapýðanda.

-Löggiltur skjalapýðandi þarf ekki að vera staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.

8a. Staðfest frumrit erlends sakavottorðs

-Sakavottorðið verður að vera í frumriti.

-Gættu að því að frumrit vottorðsins þarf að vera staðfest ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting).

-Þú þarft að leggja fram sakavottorð frá öllum ríkjum sem þú hefur búið í frá 15 ára aldri.

8b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalapýðanda á sakavottorði (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

-Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalapýðanda.

-Löggiltur skjalapýðandi þarf ekki að vera staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.

9. Umsagnir íslenskra ríkisborgara um umsækjanda

-Þú verður að leggja fram 2 umsagnir.

-Umsagnaraðilar verða að vera íslenskir ríkisborgarar.

-Umsagnaraðilar mega ekki vera of nátengdir þér (ekki maki, börn eða foreldrar umsækjanda, tengdafiðlskylda eða stjúpfjölskylda).

-Umsagnirnar verða að vera sjálfstæðar (þær mega ekki vera samhljóða).

-Umsagnaraðilarnir verða að skrifa undir umsögnina og hún þarf að vera dagsett.



10. Afrit vottorðs um að hafa staðist íslenskupróf

-Þú verður að hafa staðist próf í íslensku á vegum Menntamálastofnunar.

-Ef þú telur þig uppfylla undanþáguskilyrði vegna íslenskuprófs, verður þú að leggja fram gögn því til stuðnings (t.d. afrit prófskírteinis frá íslenskum grunn-, framhalds- eða háskóla eða læknisvottorð).

11. Yfirlýsing frá innheimtumanni ríkissjóðs um að umsækjandi sé skuldlaus við ríkissjóð (ekki eldri en 30 daga gömul þegar umsókn er lögð fram)

-Innheimtumenn ríkissjóðs eru sýslumenn, en í Reykjavík er það Tollstjóri.

-Það þarf að koma skýrt fram á yfirlýsingunni að þú sért skuldlaus við ríkissjóð.

-Ef yfirlýsingin er eldri en 30 daga gömul þá þarftu að leggja fram nýja yfirlýsingu.

12. Staðgreiðslufirlit launa frá Ríkisskattstjóra fyrir a.m.k. síðustu 12 mánuði eða önnur staðfesting á framfærslu

-Einfaldast er að þú sendir Útlendingastofnun staðgreiðslufirlitið. Þá nálgast þú það á heimasíðu Ríkisskattstjóra og sendir á netfangið skattur@utl.is.

-Ef þú leggur fram útprentað staðgreiðslufirlit, þá verður það að vera stimpluð af Ríkisskattstjóra.

-Lágmarksframfærsla fyrir einstakling er 180.550 kr. á mánuði og fyrir tveggja manna fjölskyldu 270.825 kr. á mánuði.

-Getur þú örugglega sýnt fram á lágmarksframfærslu með staðgreiðslufirliti?

-Ef þú nærð ekki lágmarksframfærslu samkvæmt staðgreiðslufirliti, þá þarftu að leggja fram önnur gögn sem staðfesta lágmarksframfærslu (t.d. staðgreiðslufirlit maka, yfirlit yfir bankainnistæður eða upplýsingar um aðrar greiðslur).

13. Vottorð frá sveitarfélagi varðandi framfærslustyrk sl. þrjú ár (ekki eldra en 30 daga gamalt þegar umsókn er lögð fram).

-Ert þú örugglega með vottorð frá öllum sveitarfélögum sem þú hefur búið í síðustu þrjú ár?

-Ef vottorðið er eldra en 30 daga gamalt þá þarftu að leggja fram nýtt vottorð.

14. Staðfest afrit skattframtala síðustu þriggja ára

-Gættu að því að leggja þarf fram þrjú nýjustu skattframtölin.

-Einfaldast er að þú sendir Útlendingastofnun skattframtölin. Þá nálgast þú staðfest afrit af heimasíðu Ríkisskattstjóra og sendir á netfangið skattur@utl.is.

-Ef þú leggur fram útprentuð skattframtöl, þá verða þau að vera stimpluð af Ríkisskattstjóra með stimplinum 'Rétt endurrit staðfestir'.

**Gögn sem allir forráðamenn barns þurfa að leggja fram (yngra en 18 ára)
Þú þarft að haka við þau gögn sem þú leggur fram með umsókninni**

1. Umsókn um íslenskan ríkisborgararétt fyrir barn íslensks ríkisborgara

-Fylltir þú út alla reiti í umsókninni og svaraðir öllum spurningum?

-Ekki gleyma að svara spurningunni um hvort barnið hafi verið erlendis lengur en í 3 mánuði samfellt eftir að þú skráðir lögheimili fyrst á Íslandi.

-Gleymdir þú að skrifa undir umsóknina? Athugaðu að það er verið að biðja þig um undirskrift (e. signature).

2. Greiðsla umsóknar

-Ef umsókn verður lögð fram hjá Útlendingastofnun skal greiða fyrir hana í afgreiðslu stofnunarinnar.

-Ef umsókn verður pósthögð, verður þú að greiða fyrir umsókn í banka og leggja fram greiðslukvittun með umsókn. Mundu að setja í tilvísun greiðslukvittunar fyrstu 7 stafi í kennitölu þinni.

3. Vottorðið 'Lögheimilissaga - án heimilisfanga, en lönd tilgreind' frá Þjóðskrá Íslands

-Ert þú örugglega með rétt vottorð? Athugaðu að ekki er verið að óska eftir búsetuvottorði eða fjölskylduvottorði.

4. Afrit vegabréfs barns

-Gættu að því að leggja fram afrit af öllum stimpluðum síðum vegabréfsins.

-Rithandarsýnishorn vegabréfs þarf að fylgja með.

5. Afrit vegabréfs foreldris með íslenskan ríkisborgararétt

6a. Staðfest afrit af frumriti fæðingarvottorðs barns

-Gættu að því að frumrit vottorðsins þarf að vera staðfest ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting).

-Þú átt ekki að leggja fram frumritið, heldur leggur þú fram staðfest afrit af frumritinu eftir að það hefur verið vottað. Staðfest afrit er afrit sem hefur verið stimplað af opinberu yfirvaldi í því ríki sem vottorðið var gefið út.

6b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalabýðanda á fæðingarvottorði barns (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

-Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalabýðanda.

-Löggiltur skjalabýðandi þarf ekki að vera staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.



7a. Staðfest afrit af frumriti fæðingavottorðs foreldris með íslenskan ríkisborgararétt

-Gættu að því að frumrit vottorðsins þarf að vera staðfest ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting).

-Þú átt ekki að leggja fram frumritið, heldur leggur þú fram staðfest afrit af frumritinu eftir að það hefur verið vottað. Staðfest afrit er afrit sem hefur verið stimplað af opinberu yfirvaldi í því ríki sem vottorðið var gefið út.

7b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalapýðanda á fæðingavottorði foreldris með íslenskan ríkisborgararétt (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

-Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalapýðanda.

-Löggiltur skjalapýðandi þarf ekki að vera staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.

8. Vottorð frá sveitarfélagi varðandi framfærslustyrk forsjáraðila sl. þrjú ár (ekki eldra en 30 daga gamalt þegar umsókn er lögð fram).

-Ert þú örugglega með vottorð frá öllum sveitarfélögum sem þú hefur búið í síðustu þrjú ár?

-Ef vottorðið er eldra en 30 daga gamalt þá þarftu að leggja fram nýtt vottorð.

9. Vottorð um skólagöngu barnsins á Íslandi.

**Gögn sem forráðamenn barns gætu þurft að leggja fram (yngra en 18 ára)
Þú þarft að haka við þau gögn sem þú leggur fram með umsókninni**

1a. Staðfest frumrit erlends sakavottorðs, ef barnið var 15 ára eða eldra þegar það fluttist til landsins

-Sakavottorðið verður að vera í frumriti.

-Gættu að því að frumrit vottorðsins þarf að vera staðfest ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting).

-Þú þarft að leggja fram sakavottorð frá öllum ríkjum sem barnið bjó í áður en það fluttist til Íslands.

1b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalapýðanda á sakavottorði (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

-Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalapýðanda.

-Löggiltur skjalapýðandi þarf ekki að vera staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.

2. Samþykki forsjáraðila (ef báðir foreldrar fara með forsjá barns)

-Ef báðir foreldrar fara með forsjá þurfa þeir að gefa samþykki sitt fyrir því að barnið öðlist ríkisborgararétt með undirritun á umsókn.

3. Afrit úr vegabréfi þess forsjárforeldris sem ekki leggur fram umsókn

-Rithandarsýnishorn vegabréfs þarf að fylgja með.

4. Forsjargögn (ef annað foreldri fer með forsjá barns)

-Ef annað foreldrið fer með forsjá barnsins þarf að leggja fram staðfest afrit gagna ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting) sem sýna fram á hver fari með forsjá barnsins. Ef gögnin eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli, þarf einnig að leggja fram staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalapýðanda á gögnunum.

5. Samþykki barns á aldrinum 12-18 ára

-Barn á aldrinum 12-18 ára þarf að samþykkja að það vilji öðlast ríkisborgararétt með foreldri með undirritun á umsókn.